Kjarvalsstaðir

ALÞJÓÐLEG NÚTÍMA

Laugardaginn 22. júlí verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á alþjóðlegri nútímalist frá listasafni Epinal í Frakklandi. Þar gefur að líta úrval verka eftir listamenn sem hefur borið hvað hæst í listasögunni síðustu áratugi; m.a. Frank Stella, Andy Warhol, Gilbert og George, Tony Cragg, Donald Judd og Sigmar Polke, svo aðeins fáeinir séu nefndir.

Þó að safnstjórinn, Bernard Huin hafi, með dyggum stuðningi borgarstjóra Epinal, Philippe Séguin, lagt sig fram við að safna nútímalist og þannig vitnað um sinn eigin tíma, hefur safn hans einnig að geyma óvenjulega stórfengleg listaverk frá fyrri tíð.

Meistaraverk frá fyrri tíð

Héraðslistasafnið í Vosges, eins og það nefndist upphaflega, var stofnsett árið 1822, og því komið fyrir í húsi, sem hýst hafði munaðarleysingja fram að þeim tíma. Húsið stendur í sunnanverðri borginni á bökkum Moselle-fljótsins.

Stofn safnsins er upphaflega tvö einkasöfn; hertogans af Choiseul og prinsins af Sam, auk þess sem sýslan átti gott safn listaverka. Fram að stofnun safnsins voru listaverkin í umsjá sýslumannsins, sem skreytti híbýli sín með þessum dýrgripum. Þótti hann fara heldur frjálslega með eigur sýslunnar. Árið 1805 gaf hann til að mynda Jósefínu keisarynju mósaíkverk úr safninu. Nótt eina í febrúar 1808 kom upp eldur í heimkynnum sýslumannsins og eyðilögðust þá um 40 málverk, þ. á m. eitt málverk eftir Rembrandt, annað eftir Ruysdaüel og tvö eftir Van der Meulen. En þrátt fyrir þennan mikla skaða eru enn í dag málverk í listasafni Epinal sem teljast með helstu perlum listasögunnar. Á annarri hæð safnsins er herbergi sem ber yfirskriftina: Safn Dr. Paul-Oulmont og er þar að finna einstaklega fagrar teikningar og vatnslitamyndir eftir nokkra af snillingum 17. aldar: Boucher, Fragonard, Guardi, Tiepolo, Canaletto og Watteau. Á efri hæðinni er vafalítið frægast málverk eftir franska málarann Georges de la Tour (1593-1652), „Job og kona hans“, sem hangir í öndvegi í aðalsal safnsins. Er þetta eitt af þeim 40 málverkum sem fullsannað þykir að séu eftir þennan mikla snilling 17. aldar. Að öðru leyti er Georges de la Tour einn af huldumönnum listasögunnar, sem nánast gleymist í tæpar þrjár aldir og var ekki enduruppgötvaður fyrr en á fyrri hluta 20. aldar. Í afar ófullkominni æviskráningu listamannsins er þó talið að hann hafi unnið í borginni Luneville í Lorraine-héraði og notið m.a. verndar hertogans af Lorraine. Aðeins tvö verk Georges de la Tour eru ársett. Annað helsta meistaraverk í eigu safnsins er eftir Rembrandt (1606-1669), „Mater Dolorosa“, óvenju dramatískt verk frá seinni tíð listamannsins. Af öðrum frægum myndum safnsins má nefna verkið „Vetur“ eftir Jan I. Brueghet (1568-1625), yngri son Brueghet, eldri, sem var sérstaklega frægur fyrir blómamyndir sínar og myndir þar sem ýmiss konar efni þóttu njóta sín einstaklega vel. Vegna mýktarinnar í áferð þessara mynda, öðlaðist hann auknefnið „flauels“(„flos“)-Brueghet. „Mynd af orrustu“ er frægt verk eftir Sebastian Vranx (1573-1647), en hann var landslagsmálari og þó frægastur fyrir myndir sínar af orrustum. Í listasögunni er hann talinn vera einn þeirra málara sem tengja mannerisma og natúralisma, en bæði sjónarhorn í verkum hans og útfærsla á smáatriðum eftir lifandi fyrirmyndum þykja afar framsækin fyrir hans tíma.

Samtímalist


Þegar Bernard Huin tók við stjórn listasafnsins í Epinal var lítið sem ekkert um nútímalist í hirslum safnsins. Meginuppistaðan var fornleifamunir, listaverk frá gallísk-rómverskum tíma, málverk frá 16. og 17. öld, eins og fram hefur komið og alþýðuteikningar, sem kenndar eru við borgina Epinal — l'image d'Epinal; Epinal-myndirnar. Það kom því í hlut Bernards Huin að móta stefnu í kaupum á nútímalist og velja verk í safnið. Hann gerði sér snemma grein fyrir því, að safn af þessari stærð gæti aldrei orðið „alfræðisafn“ myndlistar, heldur yrði að velja og þannig gefa safninu sín séreinkenni á annars víðáttumikilli safnaflóru Evrópu. En þess ber að geta að mörg merk söfn eru í námunda við Epinal: Strassburg, Nantes, Lyon o.s.frv. En vilji



Georges de La Tour. „ Job et sa femme“.



Jacques Mahé de la Villeglé. „Aux Buttes-Chaumont“ 1972.



Gilbert og George. „Naked Faith“ 1982.